

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2018

Haldinn í Skákhöll TR í Faxafeni 12, Reykjavík, 26.maí 2018 kl. 10.00 – 11:38.

1. Forseti setur fundinn

Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á Ágústi Sindra Karlssyni sem fundarstjóra og Áskeli Erni Kárasyni til vara. Forseti lagði jafnframt til að Björn Ívar Karlsson yrði fundarritari og Róbert Lagerman til vara. Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða. Í kjölfarið kannaði nýkjörinn fundarstjóri lögmati fundarins og lýsti hann löglegan.

2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerð síðasta aðalfundar lá fyrir fundinum. Jafnframt lá fyrir fundinum lagabreytingartillaga ásamt breytingartillögu. Einnig lá fyrir ósk um að draga upphaflegu lagabreytingartillöguna til baka. Fundarstjóri úrskurðaði að tillagan, ásamt breytingartillögunni, væru dregnar til baka. **Áskell Örn Kárasón** tók til máls og gerði athugasemd við að breytingartillagan kæmi ekki til umræðu. Hann lagði til að hún yrði tekin til efnislegrar umræðu á fundinum. Fundarstjóri ítrekaði að úrskurður sinn sé að tillagan væri dregin til baka. Fundargerð síðasta aðalfundar var samþykkt samhljóða.

3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn

Ólafur H. Ólafsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn. Alls sendu 10 aðildarfélög S.Í. kjörbréf:

Aðildarfélag	Fulltrúar	Félagsmenn	Lið í ÍS	Mættir
Tafffélag Reykjavíkur	8	417	7	6
Skákfélagið Huginn	7	419	6	6
Tafffélag Garðabæjar	3	144	2	1
Skákfélag Akureyrar	5	96	4	4
Skákdeild Fjölnis	4	84	3	4
Víkingaklúbburinn	5	68	4	3
Skákdeild Breiðabliks	4	102	3	4
Haukar	2	34	1	1
Hrókar alls fagnaðar	3	22	2	3
Vinaskákfélagið	4	100	3	3

Alls voru 35 fulltrúar mættir á fundinn sem höfðu atkvæðisrétt. Kjörbréf samþykkt samhljóða.

4. Forseti flytur skýrslu stjórnar

Forseti Skáksambands Íslands, Gunnar Björnsson, tók til máls og flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta í starfsemi S.Í. á liðnu starfsári. Að mati forseta var starfsárið viðburðarríkt. Haldið hafi verið stórt og öflugt Reykjavíkurskáknot, alþjóðlegt unglíngamót sem var minningarmót um Steinþór Baldursson og Norðurljósamótið sem var alþjóðlegt áfangamót. Á starfsárinu hafi einnig verið haldið vel heppnað Norðurlandamót stúlkna á Borgarnesi. Skáksambandið hafi því staðið fyrir fjórum alþjóðlegum mótum á starfsárinu. Gunnar nefndi

að GAMMA Reykjavíkurskák mótið hafi gengið vel og hliðarviðburðir hafi tekist einkar vel og þá sérstaklega Fischer-slembiskákarmótið og heimsókn Susan Polgar og stúlknaviðburðir henni tengdir. Færði forseti Sigurlaugu R. Friðþjófsdóttur, sérstakar þakkir fyrir hennar skipulagningu í tengslum við stúlknaviðburðina. Gunnar sagði að alþjóðlega unglíngamótið, Minningarmótið um Steinþór Baldursson, sem haldið var í Kópavogi hafi tekist mjög vel. Vonaði forseti að framhald yrði á því og nefndi hann í því samhengi að Skákdeild Breiðabliks hefði lýst yfir áhuga sínum á slíku mótahaldi. Forseti sagði þátttökuleysi íslenskra áfangaveiðara á Norðurljósamótinu hafi valdið vonbrigðum og framhald slíks mótahalds ólíklegt að hálfu Sí miðað við óbreyttar aðstæður. Gunnar taldi árangur Íslendinga á árinu vera góðan. Bragi Þorfinnsson hafi náð síðasta áfanga sínum að stórmeistaratitli á móti í Noregi og verið útnefndur stórmeistari á vordögum. Dagur Ragnarsson, Sverrir Þorgeirsson og Davíð Kjartansson hafi allir náð áföngum að alþjóðlegum meistaratitli. Gunnar nefndi jafnframt þann fjölda Norðurlandameistara sem Ísland eignaðist á árinu. Jóhann Hjartarson varð Norðurlandameistari í skák og Lenka Ptácníková varð Norðurlandameistari kvenna. Nansý Davíðsdóttir varð Norðurlandameistari stúlkna á móti í Borgarnesi. Oliver Aron Jóhannesson og Hilmir Freyr Heimisson urðu Norðurlandameistarar í skólaskák á móti sem haldið var í Finnlandi. Forseti sagði frá því að Guðmundur Kjartansson hefði orðið Íslandsmeistari í skák og Lenka Ptácníková Íslandsmeistari kvenna. Víkingaklúbburinn varð svo Íslandsmeistari skákfélaga. Þá vék forseti að því sem er framundan á næsta starfsári. Icelandic Open, Íslandsmótið í skák, er framundan í júní. Ólympíuskákmót er svo á döfinni í september, í Batumi í Georgíu, og sagðist forseti gera ráð fyrir að val íslensku liðanna yrðu tilkynnt fljótlega eftir Íslandsmótið. Sagði forseti jafnframt frá því að GAMMA Reykjavíkurskák mótið væri á dagskrá í apríl næstkomandi og Ísland kæmi til með að halda Norðurlandamót í skólaskák í febrúar næstkomandi. Stefnt væri að því að mótið verði haldið í Borgarnesi. Upplýsti forseti að Icelandic Open yrði haldið á Akureyri 2019 í tilefni 100 ára Skákfélags Akureyrar. Sagði forseti frá því að Tímaritið Skák kæmi aftur út í haust eftir smá hlé. Jafnframt upplýsti forseti að unnið væri að uppfærslu á Skák.is, heimasíðu Skáksambandsins og á mótaáætlun Sí. Forseti taldi að alla þessa vefi mætti bæta verulega. Væri sú vinna nýhafin en vefsíðuhönnuður er Tómas Veigar Sigurðarson.

5. Gerð grein fyrir reikningum síðasta árs

Gunnar Björnsson forseti gerði grein fyrir reikningum í fjarveru gjaldkera. Halli á rekstri síðasta árs var upp á 1,8 milljónir króna. Orsakast sá halli, að mati forseta, á tapi á framkvæmd Reykjavík Open og á því að senda lið á EM landsliða sem voru stórir kostnaðarliðir. Gunnar vísaði að öðru leyti í sundurliðaða hluta rekstrarreikningsins.

6. Umræður um störf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. **Jóhann Ragnarsson** tók til máls og taldi að of fáir störfuðu fyrir Skáksambandið í þeim fjölda verkefna sem sambandið vinnur að. Hann taldi að mun fleiri væru tilbúnir til þess að starfa fyrir sambandið en raun bæri vitni. Jóhann lagði til að unnið yrði að því að fjölga tengiliðum víðsvegar um landið sem gætu aðstoðað hreyfinguna við að fjölga og finna efnilega skákmenn, hjálpað til við stofnun taffélaga á landsbyggðinni og ættu að geta nýst við afreksstarf. Að auki lagði Jóhann til að Skáksambandið leitaði til erlendra skákþjálfara til þess að aðstoða núverandi þjálfara landsliðanna við þjálfun. Jóhann skoraði á Skáksambandið að stefna að því að halda mót á sínum vegum erlendis, til þess að minnka kostnað við mótahald. Jóhann benti auk þess á skort á fyrirmyndum í skákinni og lagði til að Skáksambandið leitaði utan skákhreyfingarinnar að nýjum fyrirmyndum sem gætu nýst yngri kynslóðinni. **Jón Þorvaldsson** tók til máls og þakkaði Jóhanni fyrir skarpa sýn og frjóa hugsun þegar kemur að málefnum skákhreyfingarinnar. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs. Reikningar voru síðan samþykktir samhljóða.

7. Inntaka nýrra félaga.

Engin ný félög óskuðu eftir aðild að SÍ að þessu sinni.

8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Almennar umræður og afgreiðsla.

Forseti fór yfir fjárhagsáætlunina sem fram kemur í ársskýrslu sambandsins. Að því loknu var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Kosning stjórnar og varastjórnar.

Kjartan Maack stakk upp á Gunnari Björnssyni sem forseta Skáksambands Íslands og var kjör hans samþykkt með lófataki. Gunnar Björnsson nýkjörinn forseti tók til máls og þakkaði fyrir stuðninginn. Hann gerði síðan tillögu að nýrri stjórn: Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Omar Salama, Róbert Lagerman, Stefán Steingrímur Bergsson, Þorsteinn Stefánsson og Þórir Benediktsson. Þessi tillaga forsetans var samþykkt með góðu lófaklappi. Gunnar lagði síðan til að eftirfarandi skipuðu varastjórn í þessari röð: 1. Óskar Long Einarsson 2. Kristófer Gautason 3. Gauti Páll Jónsson og 4. Hörður Jónasson. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Nýr í stjórninni er Þórir Benediktsson sem tekur sæti Björns Ívars Karlssonar í aðalstjórn, sem hafði óskað eftir því að hætta í stjórninni. Nýr í varastjórn er Gauti Páll Jónsson sem tekur sæti Hjörvars Steins Grétarssonar.

Jón Þorvaldsson tók til máls og gerði athugasemd við kynjahalla á stjórninni. **Gunnar Björnsson** benti á að leitað hefði verið til fleiri kvenna varðandi setu í stjórn án árangurs.

10. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.

Gunnar forseti stakk upp á þeim Árna Birni Jónssyni, Þráni Vigfússyni sem aðalmönnum og Hlíðari Þór Hreinssyni til vara og var tillagan samþykkt samhljóða.

11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara.

Tillaga Gunnars Björnssonar um Ólaf H. Ólafsson, Kristján Örn Elíasson og Harald Baldursson sem aðalmenn og Magnús Matthíasson, Ríkharð Sveinsson og Róbert Lagerman til vara var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ríkharður og Róbert taka sæti Árna Á. Árnasonar og Georgs Páls Skúlasonar.

12. Kosnir 3 menn í dómstól Skáksambands Íslands og 3 til vara.

Gunnar forseti bar upp tillögu um að dómstóll SÍ yrði skipaður þeim Halldóri B. Halldórssyni, Braga Halldórssyni og Ólafi Evert Úlfssyni sem aðalmönnum en til vara Björgvini Jónssyni, Hlíðar Þór Hreinssyni og Tómasi Veigari Sigurðarsyni. Var sú tillaga samþykkt með lófataki.

13. Umræður um breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins.

Engin lagabreytingartillaga lá fyrir fundinum.

14. Önnur mál.

Áskell Örn Kárason tók til máls. Hann benti á að málsmeðferð lagabreytingartillögunar hefði verið varasöm. Að auki ræddi hann stöðu hins íslenska skákheims og taldi hreyfinguna geta vonast til þess að vegur hans gæti farið vaxandi. Áskell lýsti yfir áhyggjum sínum með stöðu skákarinnar utan höfuðborgarsvæðisins. Hann taldi stöðuna lakari en áður og lítið væri um nýliðun. Auk þess taldi hann að skólaskák hafi látið undan síga og lítil þátttaka hefði verið á Landsmóti í skólaskák af landsbyggðinni. Áskell nefndi að þrátt fyrir að staðan væri svona væru aðgerðir eins og verkefnið *Skák eflir skóla* af hinu góða. Áskell sagði jafnframt frá því að framundan væri 100 ára afmæli Skákfélags Akureyrar. Í tilefni af því væri afmælisnefnd að

undirbúa dagskrá vegna afmælisins. Jafnframt stæðu yfir viðræður við Skákskólann vegna reglulegrar skákkennslu í 3. og 4. bekk í grunnskólum á Akureyri. Einnig stefndi félagið að því að bjóða upp á skákkennslu fyrir almenning. Áskell sagði jafnframt frá því sem framundan væri og nefndi í því samhengi barnaskákmót, Skákþing Norðlendinga og að Icelandic Open, Íslandsmótið í skák, yrði haldið í Hofi á Akureyri 25. maí til 1. júní á næsta ári. Áskell bauð að lokum alla velkomna til Akureyrar á það mót. **Þorsteinn Þorsteinsson** tók næstur til máls og vildi koma því á framfæri að ástæða þess að lagabreytingartillaga sín og Pálma Péturssonar hefði verið dregin til baka væru sú að þeir hefðu viljað breiða sátt um málið. Jafnframt óskaði Þorsteinn svara vegna tillagna um Íslandsmót skákfélaga sem hann sagði að hefðu verið vísað oftar en einu sinni til stjórnar, án árangurs. **Pálmi Pétursson** tók þá til máls og nefndi að þeim Þorsteini hefði ekki gengið neitt misjafnt til þegar lagabreytingartillagan var dregin til baka. Hann lagði jafnframt til að unnið yrði að því að sátt næðist um málið. **Jóhann Ragnarsson** tók næstur til máls og fagnaði fyrirhuguðu Íslandsmóti á Akureyri og lýsti því yfir að hann hlakkaði til þess að mæta þangað og taka þátt. Næstur tók til máls **Sigurður Daði Sigfússon** og sagðist hafa litist vel bæði lagabreytingartillöguna sem lögð hafi verið fyrir fundinn sem og breytingartillöguna. Hann sagði það skrítið að enn eitt árið næðist ekki samstaða í þessum litla hóp. Sigurður Daði spurði auk þess um Reykjavík Open og nýtt pörunarkerfi sem þar var notað. Óskaði hann eftir því að fá að vita hvernig mótshöldurum hafi fundist það kerfi koma út. Einnig spurði Sigurður Daði um kostnað við að reikna skákstig og útgáfu Tímaritsins Skák í tengslum við aðildargjöld sem innheimt hafi verið á starfsárinu. Óskaði hann eftir því að fá að vita hvernig staðan væri á þessu máli og hvort þetta væri komið í gildi, eða ekki. Jafnframt spurði hann um kostnað vegna innheimtu aðildargjalda, sem hann taldi háan. **Gunnar Björnsson** tók þá til máls. Hann deildi áhyggjum Áskels Arnar um stöðu skákarinnar á landsbyggðinni. Gunnar nefndi í því samhengi að fyrirhugað væri að fara af stað í haust og heimsækja grunnskóla, gefa hugsanlega skáksett og nota tækifærið og hitta félög og bæjarstjóra. Hann sagði það ekki ásættanlegt hve fá bæjarfélög væru með virka skákstarfsemi. Gunnar stakk upp á því að slegið yrði upp málþingi í haust þar sem fulltrúum frá félögum yrði boðið að ræða ýmis málefni skákarinnar á Íslandi, m.a. fyrirkomulag Reykjavíkurskáksmótsins, krakkaskák, öldungaskák, stöðu skákarinnar á landsbyggðinni og fleira sem oft gæfist ekki tími til þess að ræða á aðalfundi. Gunnar svaraði fyrirspurnum Sigurðar Daði og taldi að pörunarkerfið sem notast hafi verið við á Reykjavík Open hafi tekist ágætlega. Taldi hann að það væri fyrirhugað verkefni mótshaldara og dómara mótsins að ræða nánar um útfærslu á kerfinu og taldi líklegt að notast yrði við það áfram. Um spurningu Sigurðar Daða er varðaði aðildargjöld tók Gunnar fram að betra væri að nota orðið áskriftargjöld í stað aðildargjalda. Sagði Gunnar jafnframt að ekki hefði verið farið í þær aðgerðir enn að rukka skákmenn fyrir að útreikning á skákstigum vegna skákmóta sem þeir hefðu tekið þátt í. Varðandi spurningu Sigurðar Daða um kostnað vegna innheimtu áskriftargjalda sagði Gunnar hann felast í póst- og bankakostnaði því senda hafi þurft bréfpóst á hvern einasta meðlim. Gunnar svaraði auk þess fyrirspurn Þorsteins og sagði um fyrirkomulag Íslandsmót skákfélaga að erfitt væri að ná sátt allra félaganna þar sem reynslan hafi sýnt að forystumenn félaganna vildu allir almennt fyrirkomulag sem hentaði þeirra félagi. Gunnar taldi að best hefði verið að bæði lagabreytingartillagan og breytingartillagan hefði fengið efnislega umræðu og kosið hefði verið um þær því það hafi sýnt sig að erfitt væri að fá sátt um málið í nefnd. Gunnar stakk þó upp á því að komið yrði á fót nefnd um málið með fulltrúum stærstu félaganna og einnig væri hægt að ráða um málið á fyrirhuguðu málþingi í haust. **Sigurbjörn Björnsson** tók næstur til máls og ræddi Norðurljósamótið. Sýndist honum að kostnaður við mótshaldið, að frádregnum þátttakendum, væri um 800.000 kr. í heild sinni. Taldi hann að það væru 1,4% af fjárhagsáætlun Skáksambandsins fyrir næsta starfsár. Benti hann þá á að þessi kostnaður væri lítill í samanburði við ýmsa kostnaðarliði á ársreikningum sambandsins. Skoraði hann jafnframt á forseta að endurhugsa þá ákvörðun að hætta með mótið. **Pálmi Pétursson** tók aftur til máls og vildi koma á

framfæri þökkum til fráfarandi stjórnar og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Pálmi leist jafnframt vel á fyrirhugað Skákþing Íslands á Akureyri og fagnaði hugmynd Gunnars Björnssonar forseta um málþing í haust. **Gunnar Björnsson** tók þá aftur til máls og benti á að heildarkostnaður vegna Norðurljósamótsins hefði verið 1.100.000 kr. Hann sagði jafnframt að margt við mótið hafi valdið vonbrigðum, m.a. að þátttaka þeirra sem hefðu upphaflega óskað eftir því að mótið yrði haldið hafi verið lítil. Hann benti á að hugsanlega hefði tímasetning mótsins verið þar ein af ástæðunum. Jafnframt nefndi Gunnar að það væri ekki endilega hlutverk Skáksambandsins að halda alþjóðleg áfangamót og að áður fyrr hefðu taflfélögin verið dugleg við slíkt mótahald. Hvatti Gunnar félögin til þess að stefna að því að halda alþjóðleg skákmót og tók fram að Skáksambandið myndi aðstoða við það. Þakkaði Gunnar að lokum öllum fyrir góðan, en sögulegan stuttan aðalfund.

Fundi slitið kl. 11.38. Björn Ívar Karlsson fundarritari.